



SKÝRSLA UM NIÐURSTÖÐUR FJÖLMENNINGARÞINGS 2018



INNIHALD

Innihald.....	2
Inngangur	3
Undirbúningur þings og framkvæmd	3
Samstarfsaðilar	4
Samantekt	5
English summary	8
Fötluð börn af erlendum uppruna	13
Staðan í dag	13
Tillögur að lausnum	15
Börn innflytjenda: uppeldi í nýju landi	16
Staðan í dag	16
Tillögur að lausnum	18
Unglingar af erlendum uppruna: félagsleg þátttaka og vellíðan	19
Staðan í dag	19
Tillögur að lausnum	20
Starfsfólk Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna: Samskipti á vinnustað	21
Staðan í dag	21
Tillögur að lausnum:	22
#Metoo hreyfing erlendra kvenna á Íslandi	23
Staðan í dag	23
Tillögur að lausnum:	24
Þátttaka fólks af erlendum uppruna í lýðræðissamfélagi	25
Staðan í dag	25
Tillögur að lausnum	26
HUGTÖK	27
TÖLFRÆÐI UM INNFLYTJENDUR FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS	28

INNGANGUR

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar var haldið í fimmta sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 17. nóvember 2018. Að venju var þingið skipulagt af mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og var meginmarkmið þessa þings, líkt og fyrri þinga, að skapa vettvang þar sem innflytjendur í borginni geta rætt hin ýmsu málefni sem snerta innflytjendur og þannig miðlað sinni upplifun og reynslu.

Niðurstöður fyrri þinga hafa verið kynntar opinberlega fyrir almennum borgurum og fyrir ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar og hafa þær nýst til að bæta þjónustu fyrir innflytjendur í borginni. Nálga má niðurstöðurnar á vefsíðu mannréttindaskrifstofu, <https://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/mannrettinda-og-lydraedisskrifstofa> undir flokksnum útgefið efni.

UNDIRBÚNINGUR ÞINGS OG FRAMKVÆMD

Undirbúningur fjölmenningarþings Reykjavíkurborgar felst einkum í því að halda utan um kynningarefni, skipulag og skráningu þátttakenda ásamt því að útfæra umræðuefni þingsins og vinna úr þeim niðurstöðum sem þar komu fram. Að öðru leyti er allt starf sem unnið er í þágu þingsins unnið af sjálfboðaliðum.

Skráning á þingið fór fram rafrænt og alls voru 120 skráðir þátttakendur. Umræður fóru fram á ensku. Unnið var í hópum með borðstjóra og ritara á hverri málstofu. Gert var ráð fyrir að þátttakendur skráðu sig í eina málstofu sem þeir vildu taka þátt í og tóku þeir þátt í umræðu bæði fyrir og eftir hádegi.

Fyrirkomulagið á þinginu var öðruvísi en áður að því leyti að vinnustofur voru skipulagðar eftir umræðuefnum en áður hefur vinnustofum verið skipt niður eftir tungumálum.

Í undirbúningi þingsins var horft til hugmyndafræði [The Days of Dialogue](#) frá Hollandi í samstarfi við Olga Plokhooij. Þar er reynsla af notkun aðferðafræðinnar síðan 2006 en markmið hennar er *að stuðla að gagnkvæmum skilningi og félagslegri samheldni með því að skipuleggja samtali á öllum sviðum samfélagsins.*

Samkvæmt hugmyndafræðinni er samtali skipt í 3 hluta. Fyrst kynna þátttakendur sig og deila reynslu sinni um ákveðið málefni, segja frá því hvað þeim reynist erfitt og hvað skapar vanda.

Eftir það eru þátttakendur beðnir um að segja frá draumastöðu sinni. Að lokum leggja þátttakendur fram tillögur að úrbótum út frá fyrri hluta samtalsins um hverju þarf að breyta og hvernig.

Þátttakendur í málstofum þurftu að fylgja reglum um gagnkvæma virðingu og mikilvægi þess að hlusta á sjónarmið hvers annars og vera tilbúnir að taka þátt í umræðum um viðfangsefni þingsins.

Málstofustjórar voru starfsmenn mannréttindaskrifstofu og í hlutverki ritara voru sjálfbóðaliðar frá félagasamtökum og stúdentar frá Háskóla Íslands.

Þemu fyrir málstofurnar voru valin í samstarfi við fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar og í þetta skipti var lögð áhersla á málefni barna, starfsfólks Reykjavíkurborgar og kvenna af erlendum uppruna.

Á Fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar 2018 var rætt um málefni innflytjenda í sex málstofum. Málstofurnar voru eftirfarandi:

1. Fötluð börn af erlendum uppruna
2. Börn innflytjenda: uppeldi í nýju landi
3. Unglingar af erlendum uppruna: félagsleg þátttaka og vellíðan
4. Starfsfólk Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna: samskipti á vinnustað
5. #Metoo hreyfing erlenda kvenna á Íslandi
6. Þátttaka fólks af erlendum uppruna í lýðræðissamfélagi

SAMSTARFSADILAR

Félagssamtökum var sérstaklega boðið að taka þátt í undirbúningi ásamt hagsmunasamtökum sem vinna í þágu ákveðinna hópa. Í málstofu um fötluð börn af erlendum uppruna tóku þátt fulltrúar Landssamtakanna Þroskahjálpar, sem fengu líka tækifæri til að kynna starfsemi félagsins fyrir þátttakendum. Framkvæmdastjóri Samfok - samtaka foreldra grunnskólabarna sat málstofu um uppeldi í nýju landi. Þrír fulltrúar ungmennaráða í Reykjavík komu á málstofu um unglínga af erlendum uppruna. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Efling voru með í málstofu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna. Fulltrúi Samtaka kvenna af erlendum uppruna – W.O.M.E.N., tók þátt í umræðu erlendra kvenna um #metoo. Fulltrúi Öldu – samtaka um sjálfbærni og lýðræði kom að undirbúningi málstofu en hafði ekki tæk á að mæta vegna veikinda.

SAMANTEKT

FÖTLUÐ BÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA

Í málstofunni um fötluð börn af erlendum uppruna var mikið rætt um skort á upplýsingum til foreldra fatlaðra barna af erlendum uppruna. Foreldrar væru ekki meðvitaðir um alla möguleika sem þeir hafa á stuðningi vegna barna sinna og upplifun þeirra var að sumir fengju meiri þjónustu en aðrir. Þátttakendur veltu því fyrir sér hvort lögbundinni upplýsingaskyldu væri alltaf sinnt gagnvart foreldrum af erlendum uppruna. Einnig væri mikilvægt að starfsfólk væri meðvitað um menningarlegan mismun sem taka þyrfti tillit til. Foreldrar fatlaðra barna af erlendum uppruna þekkja einnig oft á tíðum ekki rétt sinn gagnvart vinnuveitendum. Það skapar því auka álag að þurfa að óska eftir fríi frá vinnu til þess að fara með barn til læknis eða að óska eftir veikindaleyfi vegna umönnunar barna. Einnig var rætt um að skólakerfið taki ekki mið af fötluðum börnum af erlendum uppruna og að skólar veittu mismunandi þjónustu eftir hverfum.

Þegar rætt var um lausnir var meðal annars nefnt að koma þyrfti á upplýsingamiðstöð innflytjenda, þar sem hægt væri að fá allar upplýsingar á einum stað. Einnig þyrfti að leyfa fleiri sérfræðingum af erlendum uppruna að öðlast starfsleyfi á Íslandi. Jafnframt þyrfti að stofna samráðshóp foreldra barna af erlendum uppruna með umsjón aðila sem gæti miðlað nauðsynlegum upplýsingum eða vísað fólki á réttan stað.

BÖRN INNFLYTJENDA: UPPELDI Í NÝJU LANDI

Í málstofunni um börn innflytjenda var meðal annars rætt að námsárangur barna af erlendum uppruna væri mikið áhyggjuefni. Mikilvægt væri að styðja betur við móðurmálskennslu fyrir börn innflytjenda. Það væri ekki viðunandi að móðurmálskennsla væri alfarið á ábyrgð foreldra og færi fram um helgar, ekki allir hefðu tíma og möguleika á að koma börnum í móðurmálskennslu. Rætt var um erfiðleika erlendra foreldra með að taka þátt í skólastarfi, m.a. vegna tungumálakunnáttu. Foreldrarnir vinna oft mikið og þekkja ekki rétt sinn til að taka frí frá vinnu. Þetta vandamál getur orðið enn meira hjá einstæðum foreldrum. Skólar þurfa að sýna meira frumkvæði í samskiptum við foreldrana til þess að bæta þátttöku þeirra í skólalífinu. Til þess að bæta þátttöku foreldra í skólalífinu er jafnframt mikilvægt að foreldrar fái tækifæri til að læra íslensku. Þá er einnig mikilvægt að efla virkni foreldra og aðkomu að frístundastarfi eftir skólatíma, t.d. í íþróttum og tómstundum.

Rætt var að mikilvægt væri að styðja við stofnun samtaka/hópa erlendra foreldra eða leggja áherslu á að fá foreldra af erlendum uppruna í þau samtök foreldra sem eru þegar starfandi. Í umræðu um aðrar lausnir var einnig rætt um mikilvægi þess að komið yrði á upplýsingamiðstöð

fyrir innflytjendur þar sem hægt væri að nálgast allar upplýsingar á einum stað. Það væri einnig gott að koma á fjölskyldumiðstöðvum í hverfum þar sem foreldrar geta hist, rætt málin og fengið nauðsynlegar upplýsingar. Jafnframt þyrfti að koma upplýsingum betur til skila um íþrótt- og tómstundastarf sem er í boði í hverfum borgarinnar.

UNGLINGAR AF ERLENDUM UPPRUNA: FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA OG VELLÍÐAN

Það eru ekki mörg félög ungmenna af erlendum uppruna sem eru talsmenn ungs fólks sem er af erlendu bergi brotið. Starfandi félögum finnst erfitt að fá styrki til að fjármagna verkefni og fundaraðstaða er einnig vandamál. Rætt var um erfiðleika unglunga af erlendum uppruna með að finna fyrir samþykki annarra og oft vildu þau ekki viðurkenna uppruna sinn fyrir jafnöldrum. Fólki finnst það oft vera flokkað í „verri flokka“ í samfélaginu vegna uppruna. Kennarar þurfa einnig frekari fjölmenningsfræðslu þar sem slík fræðsla er aðeins valnámskeið í kennaranámi. Fjölmenningsfræðsla þyrfti einnig að vera fyrir börn og unglunga.

Þó að mikið væri rætt um tungumálakunnáttu þarf líka að huga að þáttum eins og samfélagslegri stöðu, þar sem það leysir ekki öll vandamál þótt nemendur hafi náð góðum tókum á íslensku. Rætt var um erfiðleika sem fylgja því fyrir nemendur af erlendum uppruna að læra eigið móðurmál þar sem námið fer aðeins fram um helgar. Foreldrar hafa oft hvorki tíma né fjárráð til þess að styðja við móðurmálskenndu barna sinna með þessu fyrirkomulagi.

STARFSFÓLK REYKJAVÍKURBORGAR AF ERLENDUM UPPRUNA: SAMSKIPTI Á VINNUSTAÐ

Starfsfólki af erlendum uppruna finnst erfitt að fá upplýsingar um til hvers sé ætlast af þeim í vinnu og um réttindi sín. Samskiptaerfiðleikar komi einnig oft upp á milli fólks af erlendum uppruna og innlendra. Fólk af erlendum uppruna er líka hrætt við að tjá sig um vandamál sem koma upp á vinnustöðum sínum meðal annars vegna ótta við að missa vinnuna. Skortur væri á endurgjöf gagnvart starfsfólki sem veit oft ekki hvernig það er að standa sig í starfi.

Mikilvægt er að verkferlar um samskipti við starfsfólk og séu skýrir. Hjá Reykjavíkurborg þarf að búa til upplýsingapakka fyrir nýliða og jafnvel tengja nýtt starfsfólk við einhvern sem gæti verið leiðbeinandi t.d. fyrstu 3 mánuði í starfi. Starfsfólk þarf að vita hvernig það skuli bera sig að ef það hefur kvartanir eða þarf að koma ábendingum til skila á sínum vinnustað.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur er einnig ábótavant varðandi hvar og hvernig hægt sé að fá viðurkenningu á menntun. Að lokum var einnig rætt um mikilvægi þess að komið yrði á fót upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur þar sem þeir geta nálgast allar upplýsingar á einum stað.

#METOO HREYFING ERLENDRA KVENNA Á ÍSLANDI

Þó að margar konur af erlendum uppruna hafi sagt sögu sína í Facebook hópnum #metoo konur af erlendum uppruna, eru margar sem þora ekki að koma fram opinberlega. Tungumálaörðugleikar geta þar haft áhrif sem og menning og ótti við fordóma. Konur af erlendum uppruna upplifa mismunun út frá kyni og uppruna en vandamál tengd slíkri mismunun eru almennt ekki viðurkennd í samfélaginu. Engar heildstæðar aðgerðir virðast vera í gangi til að bæta stöðu kvenna af erlendum uppruna. Brotþólar af erlendum uppruna eiga mun erfiðara með að koma málum sínum á framfæri og vantar þeim upplýsingar um hvernig það sé gert. Stór hópur leitar sér því ekki aðstoðar. Skilgreiningar á kynferðislegri áreitni og ofbeldi geta einnig verið mismunandi milli menningarheima og því eru margar konur sem átta sig ekki á því hvenær um áreitni eða ofbeldi er að ræða.

Þátttakendur í málstofunni upplifðu sterka samstöðu bæði með erlendum og íslenskum konum. Í umræðu um lausnir var meðal annars rætt um mikilvægi þess að bæta aðgengi að upplýsingum sem og þjónustu, t.d. hjá Bjarkarhlíð.

ÞÁTTTAKA FÓLKS AF ERLENDUM UPPRUNA Í LÝÐRÆÐISSAMFÉLAGI

Fram fór umræða um að málefni tengd innflytjendum væru ekki á dagskrá stjórnámálanna. Margir aðilar væru líka oft að vinna að sama málefni og samskipti milli ríkis og sveitarfélaga væru erfið. Fólk af erlendum uppruna á í erfiðleikum með að átta sig á hvar það eigi að sækja þjónustu og hver haldi utan um hana, ríki eða sveitarfélög. Mikilvægt væri að byggja upp traust milli stjórnvalda og innflytjenda og grasrót innflytjenda þyrfti líka að vera öflugri. Rætt var um þörfina fyrir að koma á upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur þar sem hægt væri að fá allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar á einum stað. Erfiðleikar við að fá menntun sína metna voru einnig til umræðu og að fólki finnst mjög erfitt að fá ekki störf í samræmi við menntun og reynslu. Í umræðu um lausnir var einnig tekið fram að ríkið þurfi að móta skýra stefnu í innflytjendamálum.

ENGLISH SUMMARY

INTRODUCTION

The City of Reykjavík's Intercultural Congress was held for the fifth time on 17th of November 2018 in Reykjavík City Hall. As it has been in previous years the congress was organized by the City of Reykjavík's Human Rights Office and its main objective was to create a forum where immigrants in the city can discuss the various issues that concerns them and share their experiences.

The results of previous congresses have been published and presented to the public and to the councils and committees of the City of Reykjavík. They have been used to improve services for immigrants in the city. The results can be found on the website of the Human Rights Office, <https://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/mannrettinda-and-lydraedis> under the category 'útgefið efni'.

PREPARATIONS AND EXECUTION

Preparation mainly consisted in keeping track of presentation material, the organization and registration of the participants, as well as elaborating the topic of the congress and processing the results that were presented there. Volunteers do most of the work.

Registration was held online and 120 participants were registered. Discussions were conducted in English. Participants were expected to join one of the seminars they wanted to participate in, both before and after lunch.

The arrangement of the congress was different from the previous ones. The workshops were organized according to discussion topics, and not by language.

In the preparation of the congress, the ideology of *The Days of Dialogue* from the Netherlands was viewed in collaboration with Olga Plokhooij. There is experience of the use of methodology since 2006 and its aim is to promote mutual understanding and social cohesion by organizing conversations in all areas of society.

According to the ideology, discussion is divided into 3 parts. First, participants introduce themselves and share their experiences on a particular topic, telling what difficulties they have and what creates problems. After that, participants are asked to tell about their dream situation. Finally, participants present suggestions for improvement and change.

Participants had to follow the rules of mutual respect and the importance of listening to each other's views and be willing to participate in discussions.

Dialogue group discussion facilitators were employees of the Human Rights Office and the role of recording secretaries was filled by volunteers from NGOs and students from the University of Iceland.

Themes for the dialogue groups were chosen in collaboration with the City's Intercultural Council, and this time emphasis was placed on the issues of children, employees of the City and women of foreign origin.

At the 2018 Congress there were six Dialogues:

1. Disabled children of foreign origin
2. Children of immigrants: raising a child in a new country
3. Adolescents of foreign origin: social participation and well-being
4. Employees of the City of Reykjavik of foreign origin: communication in the workplace
5. #Metoo for foreign women in Iceland
6. Democratic participation of immigrants

COOPERATION

The city invited grass-root organizations and special interest groups to participate in the preparation of the congress. The dialogue of disabled children of foreign origin, was organised in cooperation with Þroskahjálp - National Association of Intellectual Disabilities. Chairman of Samfok - the Association of Parents of Primary Schools participated in the dialogue about raising children in a new country. Three representatives of youth councils in Reykjavík attended the dialogue on adolescents of foreign origin. The trade unions Sameyki and Efling were included in the discussion about employees of the City of Reykjavik of foreign origin. A representative of the Women of Multicultural Ethnicity Network in Iceland participated in the discussion about foreign women in #metoo movement. Alda – the Organization for Sustainability and Democracy came to the preparation of a seminar but was unable to attend due to illness.

RESULTS

DISABLED CHILDREN OF FOREIGN ORIGIN

The main discussion in the dialogue about disabled children of foreign origin, emphasized the lack of information for parents of disabled children of foreign origin. Parents were not aware of all the opportunities for support for their children, and their experience was that some received more service than others. Participants wondered whether they were getting all of the necessary information according to the laws. They also pointed out that it is important for the staff to be aware of the cultural differences. Foreign parents of disabled children often do not know their rights at work. Having to request vacation time to take keep doctors' appointments or taking time off to care for sick children creates an extra burden. It was also discussed that the school system does not take these children into account when organising services. They also thought that services offered by neighbourhoods should be increased.

As a solution, the participants talked a lot about the necessity of an immigrant information centre, where all information could be obtained in one place. It would also be necessary to allow more experts of foreign origin to obtain operating licenses in Iceland. Also, a support group for foreign parents is necessary.

CHILDREN OF IMMIGRANTS: RAISING A CHILD IN A NEW COUNTRY

The educational achievements of children of foreign origin were of great concern. It is important to support better mother tongue education for immigrant children and to stop placing the sole responsibility for teaching mother tongue on parents. Not everyone had the time and opportunity to bring children to mother tongue education on weekends.

The foreign parents find it difficult to participate in school activities because of the lack of language skills in Icelandic. The parents often work a lot and do not know their right to leave work to participate in school meetings and celebrations. This problem can be even greater for single parents. Schools need to take more initiative in communicating with the parents in order to improve their participation in school life. To do so, it is also important that parents have the opportunity to learn Icelandic. Parents need help and encouragement to actively participate and get involved in after-school activities and sports and leisure clubs.

The participants discussed the importance of supporting the creation of organizations/ groups for foreign parents or to focus on getting parents of foreign origin to participate in the parents' organizations that already exist. There is a big demand for establishing an information centre

for immigrants, where all information could be accessed in one place. It would also be good to establish family centres in neighbourhoods where parents can meet, discuss, and receive necessary information. Furthermore, information about sports and leisure activities in neighbourhoods needs better presentation in other languages than Icelandic.

ADOLESCENTS OF FOREIGN ORIGIN: SOCIAL PARTICIPATION AND WELL-BEING

There are not many youth organizations of adolescents of foreign origin who are spokesmen for young people. Those organizations find it difficult to get grants to fund projects and meeting facilities. Young people find it more difficult to feel accepted by others, and often don't want to reveal their origin to peers. They often feel categorized as "second class citizens" in society because of their origins. Teachers also need further intercultural education as such education is only an elective course in Iceland's teacher education programmes.

Although language skills were widely discussed, factors as social status have to be taken into consideration. Having Icelandic communication skills does not solve all problems. Foreign students find it difficult to learn their own mother tongue, as the studies only take place on weekends. Parents often do not have the time or the resources to support their mother tongue language education.

EMPLOYEES OF THE CITY OF REYKJAVIK OF FOREIGN ORIGIN: COMMUNICATION IN THE WORKPLACE

Employees of foreign origin find it difficult to get information on what is expected of them at work and about their rights. Communication difficulties often arise between immigrants and Icelanders. Immigrants are also afraid to comment on problems that arise in their workplace, because they fear losing their jobs. Employees complained about a lack of feedback about the job they were doing. They often don't know how to perform at work.

It is important to clarify procedures for communicating with staff. The City of Reykjavik needs to create an information package for newcomers and perhaps provide new employees a mentor for the first 3 months. Employees need to know how to deal with complaints and how to submit suggestions in their workplace.

There is a lack of counselling for immigrants about where and how education can be validated. It is important to establish an information centre for immigrants where immigrants could access all necessary information in one place.

#METOO FOR FOREIGN WOMEN IN ICELAND

Many women of foreign origin have told their stories on the Facebook group #metoo women of foreign origin, but there are still many who dare not express themselves publicly. Language difficulties can have an impact there as well as culture and fear of prejudice. No comprehensive action seems to be in progress to improve the position of women of foreign origin. There are many women who do not seek help as they simply don't know where to seek help, hence their cases go unreported. Definitions of sexual harassment and violence can also vary between cultures and therefore many women do not realize when harassment or violence are involved.

Participants in the seminar experienced a strong sense of solidarity between both foreign and Icelandic women. It is important to improve access to information and services, for example at Bjarkarhlíð.

DEMOCRATIC PARTICIPATION OF IMMIGRANTS

Participants pointed out that issues related to immigrants are not on political agendas. Many parties often work on the same issue and the communication between the state and local authorities is difficult. Immigrants are struggling to understand where to go for services and who is responsible for instance, state or local authorities? It was important to build trust between governments and immigrants, and the immigrant grass root organisations have to be stronger. The need to establish an information centre for immigrants was discussed, where all the necessary information and guidance could be obtained in one place. Difficulties in getting their education evaluated were also debated, and people find it very difficult when they do not get jobs according to their education and experience. The state needs to develop a clear policy on immigration.

FÖTLUÐ BÖRN AF ERLENDUM UPPRUNA

Samstarfsaðili: Landssamtökin Þroskahjálp

STAÐAN Í DAG

Tvöföld áskorun

Að vera innflytjandi í nýju landi og foreldri fatlaðra barna reynist fólki oft erfitt. Fólk þarf ekki bara að átta sig á og finna allar almennar upplýsingar um réttindi og skyldur en líka kunna á „sérsmíðað“ íslenskt kerfi. Foreldrum finnst erfitt að treysta bæði kerfinu og starfsfólki.

Upplýsingar

Tungumál og skortur á upplýsingum til foreldra fatlaðra barna af erlendum uppruna er mikið vandamál. Foreldrum finnst vanta umræðu og samtal. Þeim finnst mikilvægt að þeim sé mætt þar sem þeir eru staddir – allar upplýsingar eru útbúnar fyrir íslenska foreldra og þýðingar duga ekki alltaf þegar upplýsingum er miðlað. Þátttakendur í málstofunni upplifðu mjög sterka einangrun, skort á stuðningi og mikla þörf fyrir að deila sinni persónulegu reynslu. Mikilvægt er að tengja fólk saman. Sumir foreldrar eru ekki meðvitaðir um alla möguleika til aðstoðar þannig að þeir biðja ekki um rétta aðstoð. Þeir afla sér oft upplýsinga frá heimalandi sínu og reyna að finna sambærilegar lausnir á Íslandi. Vegna skorts á réttum upplýsingaum, finnst mörgum að sumir fái meiri þjónustu en aðrir. Fólki finnst það ósanngjarnt og veit ekki af hverju það gerist.

Þátttakendur veltu fyrir sér hvort lögbundinni upplýsingaskyldu væri alltaf sinnt gagnvart foreldrum af erlendum uppruna. Á málstofunni var tekið dæmi um starfsmann í þjónustu sem fékk leiðbeiningar frá yfirmanni um að segja foreldrum af erlendum uppruna ekki frá öllum úrræðum sem eru í boði.

Starfsfólk

Foreldrar telja það hjálpa mikið þegar þeir mæta jákvæðu og skilningsríku viðmóti frá starfsfólki og sérfræðingum. Viðleitni þeirra til þess að vera vingjarnlegri og viljugri til að hjálpa mætti vera mun meiri. Þegar talað er við foreldra af erlendum uppruna er nauðsynlegt að geta hafið samtal á traustvekjandi hátt. Sérfræðingar og starfsfólk í þjónustu verður að vera meðvitaðara um menningarlegar þarfir og aðstöðumun þeirra.

Foreldrar upplifðu oft neikvæð viðhorf í sinn garð frá starfsfólki í þjónustu, eins og þau ættu að var þakklát fyrir að vera hér á landi þar sem aðstæður í þeirra heimalandi væru ekki eins góðar.

Ekki er rétt að foreldrar fatlaðra barna af erlendum uppruna vilji ekki aðstoð, þau vilja hins vegar stundum aðrar lausnir en þær sem eru í boði – t.d. eins og varðandi stuðningsfjölskyldur. Þær kunna að henta þeim síður heldur en íslenskum fjölskyldum.

Kerfisbundnar lausnir henta ekki

Stuðningsfjölskyldur: einn meðlimur í umræðuhópi minntist á að í menningu þeirra væri talið skammarlegt að láta ókunnuga sjá um barnið sitt. Að þeirra mati gæti þessi lausn líka skapað áhyggjur t.d. um hvort barnið hafi fengið nægilegan mat eða mat sem væri ásættanlegur með tilliti til trúarbragða. Foreldrar höfðu áhyggjur af því að íslenskir aðilar myndu ekki sýna þessu nægilegan skilning. Íslenska stuðningskerfið er búið að vera í þróun og hefur virkað fyrir íslenska samfélagið innan íslenskra menningarlegra gilda, sem er frábært. Hins vegar er mikilvægt er að huga að því hvort sömu verkfæri passi í raun fyrir innflytjendur. „Kerfið“ þarf að vera opið fyrir því að endurskoða og prófa nýja leiðir. Innflytjendur upplifa að Íslendingar sjái aðeins eina leið til að gera hlutina og ef foreldri er ekki sammála, upplifa þau að þau séu meðhöndluð sem óþolandi í stað þess að reyna að finna lausnir „út fyrir kassann“ saman.

Mismunun

Foreldrar fatlaðra barna af erlendum uppruna upplifa margþætta mismunun. Ekki bara í sambandi við þjónustu við börnin þeirra heldur líka á vinnumarkaði. Vinnuveitendur eru mismunandi og umönnun fatlaðra barna krefst oft þess að foreldrar þurfa að taka auka frí frá vinnu. Ekki allir þekkja réttindi sín og vilja ekki þurfa að biðja aftur og aftur um frí frá vinnu til að fara með barnið til læknis eða að taka veikindaleyfi. Þetta skapar auka álag og stressandi aðstæður.

Skólakerfið

Skólakerfið tekur ekki mið af fötluðum börnum af erlendum uppruna. Þátttakendur voru að velta fyrir sér orsökum lélegs gengis erlendra barna með fötlun – þau eyða 80% af tíma sínum í íslensku umhverfi (skóli og tómstundir) og kannski 20% í móðurmálsumhverfi sínu. Þrátt fyrir það gengur börnum oft miklu betur í móðurmáli og almennri kennslu á móðurmáli t.d. stærðfræði, en ekki eins vel í íslensku.

Foreldrar töluðu mikið um mismunandi þjónustu eftir skólum. Þau heyra oft um öðruvísi nálgun og samstarf við foreldra af erlendum uppruna eftir skólum og upplifa það sem mikla mismunun. Þeim finnst að þjónusta ætti ekki að vera mismunandi eftir skólum og hverfum.

Efnahagur

Skortur á fjárhagslegum stuðningi og viðeigandi húsnæði er mikið vandamál fyrir innflytjendur. Erfitt er að finna hentugt húsnæði í góðum hverfum sem fólk hefur efni á. Fjölskyldum reynist erfitt að flytja ef þær vilja t.d. skipta um skóla. Almenn erfitt efnahagsástand er einnig mikilvægur þáttur. Innflytjendur þurfa að vinna mikið, oft vaktavinnu, stundum á nokkrum stöðum til að ná endum saman. Þau eyða ekki eins miklum tíma með börnunum og þau vilja.

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM

- Upplýsingamiðstöð innflytjenda – skrifstofa þar sem hægt væri að fá allar upplýsingar á einum stað.
- Sérhannaðar upplýsingar fyrir erlenda foreldra, ekki bara þýðingar á íslensku efni.
- Þjálfar starfsfólk sem þjónustar foreldra fatlaðra barna af erlendum uppruna í millimenningu og fjölbreytileika nútíma samfélagsins. Millimenning er nauðsynleg líka í heildstæðu starfi stofnana en ekki bara meðal starfsfólks. Nauðsynlegt er að hafa eina manneskju sem leiðir þjónustuna – málstjóra, sem hefur þekkingu á og hæfni í menningarnæmni.
- Leyfa fleiri sérfræðingum af erlendum uppruna að öðlast starfsleyfi á Íslandi. Þau þekkja betur aðstæður fólks frá þeirra heimalandi og geta stundum þýtt betur íslensku sem tengist sérfræðigreinum. Í mörgum sérfræðigreinum, t.d. sálfræði, ekki er hægt að aðstoða fólk nema á þeirra móðurmáli.
- Stofna samráðshóp foreldra barna af erlendum uppruna með umsjón aðila sem geta miðlað nauðsynlegum upplýsingum eða vísað fólki á réttan stað (getur verið eftir tungumálum til að byrja með, þar sem íslensku kunnátta getur komið í veg fyrir að fólk taki þátt í umræðu).
- Stuðningsfjölskyldur með sama menningarbakgrunn.
- Senda stuðninginn frekar inn á heimilið í stað þess að fjarlægja barnið af heimilinu.
- Styðja við stofnun hagsmunasamtaka (þjóðarhópa, tungumálahópa) sem geta bæði verið talsmenn foreldra og miðla upplýsingum til þeirra.

BÖRN INNFLYJTJENDA: UPPELDI Í NÝJU LANDI

Samstarfsaðili: SAMOK

STAÐAN Í DAG

Gott að ala upp börn hér

Að mati þátttakenda í málstofu um börn innflytjenda á Íslandi eru góðar aðstæður til að ala upp börn hér miðað við til dæmis önnur Evrópulönd. Hér er meira frelsi en fyrst og fremst öryggi. Samfélagið tekur mið af þörfum barnafjölskyldna. Fólk lifir ekki á eins miklum hraða eins og sums staðar í útlöndum. Þátttakendum fannst mjög jákvætt að lögð sé áhersla á nám og skólakerfið og fann fyrirlítilli samfélagslegri pressu tengdri námi. Fólk getur valið hvað það vill mennta sig í eða gera í framtíðinni.

Námsárangur

Námsstaða og námsárangur barna af erlendum uppruna er mikið áhyggjuefni. Foreldrar skilja ekki alltaf þá aðferðafræði sem notuð er í skólunum. Þeim finnst að börn í grunnskóla þurfi aldrei að „læra“ eða gera heimavinnu og þetta gæti útskýrt slaka stöðu barna innflytjenda.

Taka mið af börnum

Öll börn þurfa viðurkenningu en sérstaklega börn af erlendum uppruna sem eru sett í nýjar aðstæður og þurfa stundum að læra allt upp á nýtt. Það þarf að taka mið af þörfum þeirra af því að þau eiga það skilið. Börnin finna strax fyrir því ef þau eru ekki á réttum stað. Það eru mörg dæmi um að fólk flytji á milli hverfa eða skóla ef það finnur fyrir erfiðleikum. Fólk er tilbúið til að gera það allra besta fyrir börnin sín.

Móðurmál

Allir í málstofunni voru sammála um mikilvægi þess að styðja við móðurmálskennslu fyrir börn innflytjenda. Þetta er mikilvægur hluti af þeirra menningu og bakgrunni. Eins og staðan er núna er kennsla á móðurmáli á ábyrgð foreldra og fer fram um helgar. Ekki allir sem hafa tíma og möguleika til að koma börnum sínum í móðurmálskennslu.

Samstarf á milli foreldra og skóla

Erlendir foreldrar eiga erfiðara með að taka virkan þátt í skólastarfi. Ef tungumálakunnáttan er ekki nægilega góð eru þeir stundum útilokaðir frá þátttöku þrátt fyrir vilja foreldra. Önnur ástæða lakrar þátttöku í til dæmis foreldrafundum er sú að foreldrar vinna mjög mikið og vita oft ekki að þeir gætu átt rétt á fríi frá vinnu eða eru hræddir um að óska eftir fríi til að lenda

ekki í vandræðum gagnvart vinnuveitendum sínum. Vandamálið í tengslum við þátttöku í skólustarfi barnanna getur orðið enn meira ef um einstæða erlenda foreldra er að ræða.

Ef foreldrar eru ekki virkir þátttakendur í skólalífi barnsins getur barnið sjálft sýnt skólanum minni áhuga vegna þess að það veit að foreldrarnir munu ekki átta sig á stöðunni. Það er mikil ábyrgð sem sett er á þessi börn. Tenging á milli foreldra er líka mikilvæg, ekki bara vegna skólamála en líka svo börn leiki saman eftir skóla. Erlendir foreldrar vilja vita við hverja börnin þeirra eru að leika sér. Þátttakendum finnst að skólinn eigi að sýna frumkvæði að samskiptum við foreldra ekki bara í einstaklingsmálum heldur líka í öllu sem varðar skólasamfélagið. Gera þarf ráð fyrir menningarmun og bakgrunni fólks, þar sem fólk kemur úr ólíkum aðstæðum.

Íslenska

Það er mikilvægt að læra íslensku þegar ákveðið er að búa á Íslandi. Þetta getur hins vegar verið erfitt ef viðkomandi talar ensku fyrir komu til Íslands. Fólk er oft að læra íslensku og gengur ágætlega að tala sín á milli en þegar farið er t.d. út í búð grípur fólk til enskunnar, sérstaklega ef starfsfólk svarar á ensku. Það er mikilvægt fyrir foreldra barnanna að skilja og tala íslensku. Annars geta þeir ekki tekið virkan þátt í skólalífinu.

Túlkahjónusta

Túlkar eru mjög mikilvægir í samskiptum á milli skóla og foreldra sérstaklega á foreldrafundum, sem eru fyrir suma foreldra eini tíminn sem þeir geta átt samskipti við kennara. Það er mikilvægt að túlkar séu faglegir og vel þjálfaðir í sínu fagi. Trúnaður í samskiptum í gegnum túlk skiptir öllu máli.

Íþrótt- og tómstundastarf

Þátttaka í tómstunda- og íþróttastarfi er stór hluti af uppeldinu. Jafnvel enn frekar fyrir börn af erlendum uppruna þar sem þau geta haft óformleg samskipti og tengst íslenskum börnum. Þetta getur haft áhrif á sjálfsvirðingu þeirra m.a. vegna þess að í tómstundum geta þau etv. haft ákveðna styrkleika. Mikilvægt er að efla foreldra líka í starfi eftir skólatíma. Þeir hafa stundum enga reynslu af íþróttum eða öðru tómstundastarfi þar sem það var ekki í boði í þeirra heimalandi. Bæði íslenskir og erlendir foreldrar sem og börnin geta fundið eitthvað sameiginlegt í gegnum tómstundastarf.

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM

- Styðja við stofnun samtaka/hópa erlendra foreldra eða leggja áherslu á að fá foreldra af erlendum uppruna í samtök foreldra sem eru nú þegar starfandi.
- Móðurmálskennsla þarf að vera hluti af námskrá til að styðja börnin í námi í íslenska skólakerfinu.
- Breytingar á skólakerfi – kennarar geta ekki sinnt öllum nemendum jafn vel.
- Meira fjármagn til skóla en líka félagasamtaka sem stutt geta við skólakerfið.
- Tilnefna tengiliði/mentora í bekkjum sem væru til aðstoðar foreldrum sem eiga í takmörkuðum samskiptum t.d. vegna tungumálaerfiðleika.
- Upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur – allar upplýsingar á einum stað. Ekki bara upplýsingar á netinu heldur staður þar sem hægt er að fara og tala við fólk.
- Að allir fái raunveruleg tækifæri til þess upplifa að þau tilheyri samfélaginu hér, fái viðurkenningu á uppruna sínum og menningu en einnig tækifæri til að komast inn í samfélagið og finna fyrir gagnkvæmri aðlögun.
- Tækifæri fyrir foreldra til að læra íslensku.
- Fjölskyldumiðstöðvar í hverfum þar sem foreldrar geta komið sér saman, talað og fengið nauðsynlegar upplýsingar t.d. eins og í Breiðholti.
- Móttökuáætlun ekki bara fyrir börn heldur líka fyrir foreldra við skólabyrjun.
- Barnapössun á foreldrafundum – einstæðir erlendir foreldrar hafa takmarkaða möguleika til að fá pössun.
- Ráðgjafafjónusta fyrir foreldra (ekki bara erlenda) í skólanum.
- Viðurkenning fyrir foreldra sem eru virkir í foreldrastarfi.
- Tryggja faglega túlkaþjónustu í foreldraviðtölum.
- Koma upplýsingum betur til skila um það íþrótta- og tómstundastarf sem er í boði í hverfum borgarinnar til foreldra barna af erlendum uppruna.
- Koma upplýsingum til foreldra erlendra barna um bækur á erlendum tungumálum á bókasöfnum í borginni.

UNGLINGAR AF ERLENDUM UPPRUNA: FÉLAGSLEG ÞÁTTAKA OG VELLÍÐAN

Samstarfsaðili: Ungmennaráð

STAÐAN Í DAG

Félög innflytjenda

Það eru ekki mörg félög ungmenna af erlendum uppruna sem taka virkan þátt í samfélaginu og eru talsmenn unga fólksins sem er af erlendu bergi brotið á Íslandi. Starfandi félögum finnst erfitt að fjármagna verkefni og fá styrki frá opinberum aðilum. Annað vandamál er fundaraðstaða. Fólki finnst mikil þörf fyrir sérstakan stað í borginni þar sem hægt væri að halda fundi, námskeið eða ráðgjöf svo einstaklingar gætu deilt reynslu sinni og þekkingu.

Þáttakendur bentu líka á að nauðsynlegt er að mynda sterka forystu félaga innflytjenda. Mikið er af litlum félögum sem eru misvirk en einn talsmaður gæti sameinað alla og það væri akkur í því.

Samþykki og viðurkenning

Unglingar af erlendum uppruna eru í sérstaklega erfiðri stöðu og finnst mjög mikilvægt að finna fyrir samþykki annarra. Þau finna jafnvel meira fyrir pressu úr hópi jafnaldra. Fólk sem er öðruvísi (t.d. í útliti, hegðun) í þessum hóp mæta meiri dómhörku. Þetta getur leitt til einangrunar og annars konar erfiðleikum í hegðun og námi. Unglingar af erlendum uppruna vilja oft ekki viðurkenna uppruna sinn fyrir jafnöldrum.

Menntun fagfólks

Kennarar í íslenskum leikskólum og grunnskólum búa ekki yfir nægri reynslu og þekkingu á fjölmenningslegu samfélagi. Kennarar hafa stórt hlutverk í því að hjálpa bæði börnum og unglungum að finna fyrir öryggi og samþykki í hópnum. Í 5 ára háskólanámi er námskeið í fjölmenningsnámi bara kennt sem valnámskeið. Það leiðir af sér að ekki næstum því allir kennarar búa yfir verkfærum og þekkingu um fjölmenningsfélagið sem þau eru hluti af og kenna í.

Viðhorf samfélagsins

Það er mjög erfitt að vera ekki “alvöru íslensk”. Samfélagið dæmir fólk oft fyrirfram út frá uppruna og fólki finnst það vera flokkað í “verri flokka”. Það er erfitt að færast upp úr lægri flokkum. Samfélagið þarf að taka ábyrgð og átta sig á þeim breytingum sem hafa orðið. Þessi

neikvæðu viðhorf gagnvart innflytjendum hafa aukist og það þarf að horfa á vandamálið út frá allt öðrum sjónarhóli heldur en fyrir nokkrum árum. Það vantar heildstæða stefnu alls staðar.

Einblínt á vandamál

Aðaláherslan í umræðu um málefni innflytjenda er oftast mjög neikvæð, börnin kunni ekki íslensku, eigi erfitt með að læra og svo framvegis. Börn og unglingar sem eiga ekki í erfiðleikum heldur gengur vel eiga til að gleymast. Það er ekki nógu mikið hugsað um þau sem eru í góðri stöðu heldur gleymist að þau þurfa samt stuðning og hvatningu. Það er mikið rætt um að nemendur af erlendum uppruna þurfi að læra íslensku og virðist það vera viðhorfið að þá leysist öll önnur vandamál. Það þarf líka að hugsa um aðra þætti eins og samfélagslega stöðu og vellíðan.

Móðurmál

Mikið er talað um mikilvægi þess að börn og unglingar af erlendum uppruna læri sitt eigið móðurmál. Samt er lítið gert til að aðvelda þeim það. Börn af erlendum uppruna þurfa að sækja námið um helgar á meðan íslenskir jafnaldrar þeirra leika sér í helgarfríi. Börnunum finnst það mjög erfitt. Það er líka undir foreldrum þeirra komið hvort þau sækja móðurmálskennslu. Sumir foreldrar hafa hvorki tíma né fjárráð til að styðja börnin í móðurmálskennslu.

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM

- Skyldunámskeið í fjölmenningu fyrir kennara og annað fagfólk í háskólum. Námskeiðið þarf að vera skyldubundinn hluti af náminu.
- Fjölmenningarfræðsla fyrir unglinga og börn í skólum og leikskólum. Íslensk börn þurfa að kynnast betur annarri menningu, venjum, trúarbrögðum og sögu annarra þjóða.
- Fríar tómstundir/frístundir eftir skóla fyrir börn og unglinga svo þau geti kynnst hvert öðru betur og myndað tengsli.
- Að hjálpa foreldrum nemenda af erlendum uppruna sem kunna ekki íslensku að læra tungumálið svo þeir geti hjálpað börnum og unglingum við námið.
- Miðlun upplýsinga til erlendra unglinga í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla t.d. í gegnum UNGRUV á Snapchat, Instagram.
- Móðurmálskennsla á að vera hluti af náminu í skólanum – ekki sem aukakennsla um helgar.
- Samræma kennslu erlendra barna og áherslur í námi í nágrannasveitarfélögum, fara í meira samstarf.

- Verkefni/félagsheimili fyrir unglinga sem komu til Íslands sem flóttafólk með þátttöku íslenskra unglinga í samstarfi við RKÍ.
- Fundarstaður/félagsheimili fyrir fólk af erlendum uppruna.
- Aukið fjármagn frá Reykjavíkurborg fyrir félög innflytjenda.
- Mentorar fyrir unglinga (buddy system) í skólum og í frístundum/tómstundum.

STARFSFÓLK REYKJAVÍKURBORGAR AF ERLENDUM UPPRUNA: SAMSKIPTI Á VINNUSTAÐ

Samstarfsaðili: Efling og Sameyki

STAÐAN Í DAG

Starfslýsingar Starfsfólki af erlendum uppruna finnst erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um hvers er ætlast til af þeim í vinnu. Þau jafnvel fullyrða að íslenskir starfsmenn mundu ekki sætta sig við þær vinnuáðstæður sem þeir þurfa stundum að sætta sig við. Nefnt var dæmi frá frístundaheimili þar sem einn starfsmaður af erlendum uppruna þurfti að sjá um 80 börn aleinn. Svona vinnuáðstæður skapa streitu og setja jafnvel heilsu og öryggi barna og starfsfólks í hættu. Með starfslýsingum þurfa líka að fylgja upplýsingar um verkferla og hjálpartæki sem hægt er að nota í starfi.

Samskiptaerfiðleikar við samstarfsfólk

Það koma oft upp samskiptaerfiðleikar á milli fólks af erlendum uppruna og innlendra. Um er að ræða menningarmun og svo bætist líka við aldurs- og menntunarmunur. Innflytjendur sem vinna láglaunastörf eru oft eldri og með meiri reynslu og menntun en íslenskir samstarfsmenn þeirra. Þetta skapar oft tortryggni og erfiðleika í samskiptum.

Fólk af erlendum uppruna er hrætt við að kvarta eða jafnvel tjá sig um vandamál sem koma upp á vinnustöðum sínum. Þeim finnst að það sé fyrst og fremst ekki gripið til aðgerða út frá þeirra ábendingum og eru stundum hrædd við að benda á hvað má betur fara vegna ótta við að missa vinnuna.

Öryggi í vinnu og endurgjöf

Þátttakendur í málstofunni bentu á að starfsfólk af erlendum uppruna fær oft ekki endurgjöf eða viðbrögð vegna vinnu sinnar. Bæði hvað varðar ábendingar ef fólk gerir hlutina rangt og einnig líka ef fólk stendur sig vel. Fólk fær oft efasemdir og tekur skorti á viðbrögðum mjög persónulega. Starfsfólk ætti að fá mat á því hvernig það stendur sig í vinnu, í starfsviðtali við

yfirmann að minnsta kosti einu sinni á ári. Það vantar líka leiðbeiningar um starfslýsingar sem verði endurskoðaðar á sex mánaða fresti.

Mismunandi vinnuaðferðir

Það er mikill munur á því hvernig starfsmenn aðstoða hvern annan í vinnunni. Innflytjendur eru vanari að hjálpa hverjum öðrum óumbeðin ef þörf er á, á meðan Íslendingar eru líklegri til að hjálpa aðeins ef beðið er um hjálp. Ljóst er að hér erum við að tala um menningarlegan mismun. Fólki finnst að það séu of mörg innantóm loforð og mjög lítið af aðgerðum í úrlausn ágreinings í vinnunni.

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM:

- Skýrir verkferlar um samskipti við starfsfólk og t.d. ef starfsfólk kemur með kvörtun eða ábendingum; samtalið þarf að skrá niður og halda utan um samskipti með dagbók.
- Vinnuálastofnun þarf að veita ráðgjöf fyrir innflytjendur um hvar og hvernig er hægt að öðlast viðurkenningu á menntun og starfsleyfi og leiðbeina um raunhæfnismat, t.d. að taka próf sem staðfestir hæfileika.
- Reykjavíkurborg þarf að hafa allar upplýsingar, t.d. um þjónustu, á öðrum tungumálum og að lágmarki á ensku.
- Bæta þarf samskipti á milli yfirmanna og starfsmanna af erlendum uppruna, finna betri samskiptaleiðir.
- Búa til upplýsingapakka fyrir nýliða sem byrja að starfa hjá borginni, jafnvel að tengja þá við einhvern sem gæti verið leiðbeinandi t.d. fyrstu 3 mánuðina í starfi.
- Laga launamál fólks sem vinnur láglaunastörf.
- Búa til upplýsingapakka fyrir fólk sem er að flytja til Reykjavíkur – Fyrstu skrefin í Reykjavík með upplýsingum um t.d. hvar skráning lögheimilis á Íslandi fer fram, hvað kennitala er, hvernig börn eru skráð í leikskóla o.fl.
- Upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur þar sem hægt er að fá allar upplýsingar á einum stað.

#METOO HREYFING ERLENDRA KVENNA Á ÍSLANDI

Samstarfsaðili: W.O.M.E.N. – Samtök kvenna af erlendum uppruna

STAÐAN Í DAG

Ekki allir múrar brotnir

Þrátt fyrir að margar konur af erlendum uppruna hafi sagt sögu sína á Facebook hópnum #metoo konur af erlendum uppruna, eru ennþá margar sem þora ekki að koma fram opinberlega. Stundum er það af því að þær vilja það ekki og óttast afleiðingarnar. Tungumálaörðugleikar hafa líka áhrif því konurnar geta oft hvorki tjáð sig á ensku né íslensku. Menning er stór hluti sjálfsmyndar kvenna og ótti við að vera dæmdar getur verið mjög mikill. Ef okkur tekst að rjúfa þögnina og búa til öruggan stað í fjölmenningslegu umhverfi í nýju landi, getur það haft mikilvæg áhrif á líf kvenna. Það þarf að byrja á að brjóta niður múrana í umhverfi þeirra.

Mismunun á grundvelli kyns og/eða uppruna

Konur af erlendum uppruna upplifa tvöfalda mismunun. Fyrst og fremst vegna þess að þær eru konur og líka vegna þess að þær eru af erlendum uppruna. Það þarf að horfa á samfélagið út frá nálgun um samtvinnun og skoða hvernig félags- og menningarbundinn valdamismunur verður til í kringum breytur eins og kyn og þjóðerni. Íslenskt samfélag er ekki búið að viðurkenna fjölmenningu og velur oft að sjá ekki eða tala ekki um vandamálin. Sérstaklega ef þau tengist ekki „þeirra hópi“.

#metoo samstaða

Þátttakendur í málstofunni upplifðu í fyrsta skipti sterka samstöðu, ekki bara með erlendum konum heldur íslenskum konum líka. Það var eins og í fyrsta sinn væru sömu forsendur til staðar hjá íslenskum og erlendum konum. Það var jafnframt eins og þær ættu meira sameiginlegt og deildu reynslu. Þrátt fyrir að stofnaður hafi verið sér hópur erlendra kvenna, var uppruni ekki nefndur í íþrótt-, stjórnmála- eða háskólahópum. Þar fundu konurnar margt sameiginlegt og sameinuðust undir sama markmiði.

Traust til kerfisins

Konur af erlendum uppruna hafa efasemdir um að kerfið á Íslandi geti hjálpað þeim sérstaklega ef um kynferðisofbeldi og kynferðisáreitni er að ræða. Brotapólar af erlendum uppruna eiga mun erfiðara en íslenskar konur með að koma málum sínum á framfæri og skortir oft þekkingu á hvernig það er gert. Það er líka mjög stór hópur í innflytjendasamfélaginu sem leitar sér ekki hjálpar og situr eftir án aðstoðar.

Þekking

Þegar #metoo hreyfingin fór af stað kom í ljós að skilgreining á kynferðislegri áreitni og ofbeldi er mismunandi hjá bæði konum og körlum. Fólk skilur hugtakið ekki endilega á sama hátt. Það virðist vera samfélagslegt samþykki fyrir hegðun sem er í rauninni bönnuð með lögum. Það er miklu erfiðara fyrir erlendar konur, sérstaklega ef þær koma úr öðrum menningarheimi, að átta sig á hvað er rétt eða rangt og hvenær um áreitni eða ofbeldi er að ræða.

Mikið talað, ekkert gert

Þörf er á breytingum á stöðu erlendra kvenna á Íslandi. Mikið er talað um að þær séu viðkvæmur hópur sem er einangraður og í mikilli hættu á að verða fyrir heimilisofbeldi. Þó það virðist vera mikið talað um þetta sem vandamál eru samt engar heildstæðar aðgerðir í gangi til þess að bæta stöðu þeirra. Það er mikið af flottum sjálfstyrkingarnámskeiðum og verkefnum (t.d. Samtök kvenna af erlendum uppruna) en engar breytingar koma að ofan, til dæmis frá stjórnvöldum.

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM:

- Neyðarsímalína fyrir brotþola kynferðislegs ofbeldis – ekki bara á íslensku, það þarf að auglýsa hana á öðrum tungumálum.
- Bætt aðgengi að upplýsingum – Upplýsingamiðstöð innflytjenda.
- Bjarkarhlíð þarf að vera aðgengilegri fyrir konur af erlendum uppruna og þörf er á að aðlaga þjónustuna fyrir þennan hóp.
- Kvóta í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar fyrir fólk af erlendum uppruna.
- Þjálfun í menningarnæmi fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar.
- Styrkir fyrir félög innflytjenda.
- Bókasöfn geta verið góðir staðir fyrir fundi þjóðarhópa.
- Aðgerðir varðandi #metoo hóp kvenna af erlendum uppruna: stofna starfshóp sem mun koma með tillögur að aðgerðum, veita fjármagn til aðgerða og fylgja eftir vinnu við aðgerðir. Í hópnum þurfa að vera konur af erlendum uppruna. Það er tími til að hætta að tala og byrja að framkvæma.
- Erlendar konur þurfa að vera sýnilegar í stjórn málefnum og öðrum samtökum t.d. Kvennaathvarfinu, Kvenréttindafélaginu o.s.frv.
- Fræðsla og upplýsingar um kynferðislega áreitni og ofbeldi fyrir erlendar konur og karla.
- Stofna „Think Tank“ um innflytjendamál – til að setja meiri pressu á málefni og stjórna aðgerðum og rannsóknum frá einum stað.

- Fræðsla fyrir börn um ofbeldi, áreitni og samþykki til dæmis.
- Valdefling erlendra kvenna til að móta sterkan þrýstihóp í samfélaginu.
- Að stofna Ungmennaráð fyrir innflytjendaunglinga sem verður talsmaður hópsins

ÞÁTTTAKA FÓLKS AF ERLENDUM UPPRUNA Í LÝÐRÆÐISSAMFÉLAGI

Samstarfsaðili: Alda

STAÐAN Í DAG

Ekkert gerist

Sumir þátttakendur í málstofunni voru búnir að taka þátt í fyrri fjölmeningarþingum. Sumum finnst að fólk sé alltaf að tala um sama málefnið og það sé spurt sömu spurninganna. Þau hafa á tilfinningunni að ekki hafi mikið verið gert í málefninu á síðustu árum eða að aðgerðir sem voru gerðar skili sér ekki í þjónustu við innflytjendur.

Málefni ekki á dagskrá

Til þess að fá innflytjendur til að taka meiri þátt í stjórnámálum þarf fólk að hafa áhuga á viðfangsefnunum. Málefni tengd innflytjendum eru ekki á dagskrá stjórnámálanna. Það þarf að fá upplýsingar um hvað innflytjendur vilja fá á dagskrá og síðan að koma slíkum málum á dagskrá.

Samskipti sveitarfélaga og ríkis

Margir aðilar að vinna að sama málefninu. Samskipti á milli sveitarfélaga og ríkis eru erfið og oft flókin. Fólk veit ekki alltaf hvenær um er að ræða þjónustu sveitarfélaga og þjónustu á vegum ríkisins, eða hvenær þjónusta breytist á milli sveitarfélaga. Staða innflytjendamála og sýn á þau þarf að ná þvert yfir ríki og sveitarfélög.

Flækjustig

Flækjustigin sem mæta fólki af erlendum uppruna eru mjög mörg. Það er oft erfitt að átta sig á hvar eigi að sækja þjónustu og hver haldi utan um hana, ríki eða sveitarfélög. Það þarf formlegar lausnir og það þarf að einbeita sér að því að gefa fólki réttar upplýsingar. Kostnaður samfélagsins gæti aukist mikið ef einstaklingar sækja ekki rétta þjónustu í réttri röð. En ef réttar upplýsingar eru ekki til staðar er mjög erfitt fyrir innflytjendur að skilja kerfið.

Grasrót

Pólitísk átök og fjármálalegt tog um hver eigi að sinna verkefninu. Fólk bregst við með mikilli mótspyrnu þegar þeim er sagt hvað það eigi að gera. Grasróti innflytjenda þarf að vera öflugri og byggja upp traust á milli stjórnvalda og innflytjenda.

Upplýsingagjöf og fréttir

Ekki er ennþá búið að koma á fót upplýsingamiðstöð fyrir innflytjendur þar sem hægt verður að koma og fá allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar á einum stað. Þetta skapar mikið óöryggi og vanlíðan hjá innflytjendum. Fólk talar alltaf út frá sinni reynslu en staða einstaklinga gæti verið mismunandi og því eru lausnirnar ekki eins.

Menntun

Innflytjendur sem koma til Íslands eru margir með háskólamenntun en starfa við láglaunastörf. Þetta er svo ótrúlega mikill mannaúður sem vinnur störf langt undir getu miðað við menntun og reynslu. Fólk finnst það mjög erfitt til lengri tíma. Oft finnst fólk í lagi að byrja í ræstingarvinnu þegar það er nýkomið til landsins en svo vill fólk fá störf sem samræmast betur sinni menntun. Það er samt erfitt að fá viðurkenningu á menntun, sérstaklega í sérfögum eins og sálfræði og læknisfræði. Fjölbreytni í starfsstéttum verður mikill stuðningur við hugmyndafræðina um fjölmenningsamfélag.

TILLÖGUR AÐ LAUSNUM

- Upplýsingamiðstöð innflytjenda – allar upplýsingar á einum stað.
- Finna leiðir til að styðja grasrót innflytjenda sem yrði ekki bara þrýstihópur en gæti t.d. stutt við áreiðanlega upplýsingagjöf fyrir innflytjendur;
- Aðrar leiðir til að styðja grasrótina en með styrkjum fyrir verkefni t.d. eins og er gert í öðrum löndum þar sem fólk getur ráðstafað 1% af álögðum skatti til grasrótartamtaka að eigin vali.
- Fleiri fundir eins og Fjölmenningsráðing (t.d. mánaðarlegir).
- Koma í framkvæmd niðurstöðum og tillögum frá Fjölmenningsráðing, sýna hvað var gert – setja mál á dagskrá og framkvæma.
- Fréttabréf fyrir innflytjendur sent út mánaðarlega.
- Stefnur stjórnmálaflokka þurfa að vera á öðrum tungumálum, ekki bara íslensku.
- Traustur fréttamiðill fyrir innflytjendur á Íslandi á ensku um pólitík og um það sem gerist í samfélaginu.

- Verkalýðsfélög geta verið upplýsingamiðstöðvar fyrir innflytjendur.
- Ríkið þarf að móta skýra stefnu í innflytjendamálum.

HUGTÖK

Margvísleg hugtök eru notuð í umræðunni um innflytjendur og ekki alltaf ljóst við hverja er átt. Hér eru tekin saman þau hugtök sem höfð eru til grundvallar í umræðu um málefni innflytjenda í Reykjavík:

Innflytjandi – einstaklingur sem fæddur er erlendis en flutt hefur til landsins, og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur.

Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur.

Fólk er talið hafa *erlendan bakgrunn* ef annað foreldrið er erlent.

Erlendur ríkisborgari – innflytjandi sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

Barn innflytjenda – barn foreldra sem eru innflytjendur, óháð fæðingarlandi barnsins.

Flóttamaður – einstaklingur sem hefur fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu íslenskra stjórnvalda.


Kvótaflóttamaður – einstaklingur sem hefur fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu UN-HCR (Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna) og í kjölfar þess verið boðið af íslenskum stjórnvöldum að setjast að hérlandis.

Umsækjandi um alþjóðlega vernd – einstaklingur sem kemur og óskar eftir að fá hæli á Íslandi og viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamaður af hálfu íslenskra stjórnvalda.


Réttindi innflytjenda eru mismunandi sem og þau skilyrði sem þeir þurfa að fullnægja til að dvelja á Íslandi. Fer réttarstaðan eftir því hvort fólk er með ríkisborgararétt á Norðurlöndunum, innan evrópska efnahagssvæðisins eða utan þess. Einnig er réttarstaða flóttamanna, kvótaflóttamanna og umsækjenda um alþjóðalegan vernd mjög mismunandi.

TÖLFRÆÐI UM INNFLYTJENDUR FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS


HLUTFALL ÍSLENDINGA OG INNFLYTJENDA Í REYKJAVÍK 2018



INNFLYTJENDUR Í REYKJAVÍK 1996-2018



INNFLYTJENDUR OG ÍSLENDINGAR Í HVERFUM Í REYKJAVÍK 2018



15 FJÖLMENNUSTU ÞJÓÐARHÓPARNIR Í REYKJAVÍK EFTIR FÆÐINGARLANDI OG KYNI 2018

